

Karólína að Kjarvalsstöðum

Myndlist

Valtýr Pétursson

sem æskilegt væri, vegna þess hve lítið svigrúm er fyrir hvert og eitt verk. Þetta er nokkur galli á sýningunni og hefði verið hægt að ná miklu meiri áhrifum með minna magni og markvissara fyrirkomulagi.

Karólína hefur verið búsett erlendis um langt skeið og numið list sína í breskum skólum. Þessi sýning ber þess vitni, einkum og sér í lagi eru það vatnslitamyndir hennar, sem sverja sig í hefðbundinn breskan stíl: Litur hvergi til óþæginda og samræmi í myndbyggingu og meðferð fyrirmyndar. Þessara einkenna gætir einnig í olíumálverkunum, og dettur manni í hug að málarað eins og Coldstream og Patrick George.

Nú stendur yfir umfangsmikil sýning á verkum ungrar listakonu, Karólínu Lárusdóttur að Kjarvalsstöðum. Vestursalurinn er svo setinn, að mann rámar ekki í annað eins. Hvorki meira né minna en 176 myndir eru þar á veggjum. Þarna eru olíumálverk, teikningar, grafík og vatnslitamyndir. Þröngt er um þessi verk, og það listræna virðist stundum ekki njóta sín



Karólína Lárusdóttir

En allt er þetta vel unnið og skólað, fellt og hnökralaust. Að mínu mati of slétt, ef svo mætti

til orða taka. Liturinn hefur ekki mikinn kraft, en hefur mykt og fellur vel að. Hugmyndaflug listakonunnar er dálítið sérstakt. Það er skemmtilegt hvernig hún tvinnsar saman landslag og fólk. Hvernig hún fær mann til að taka þátt í þeirri innbyggðu löngun, sem svo áberandi verður vart í þessum verkum. Karólína er ekki fullmótuð listakona, en leitir fyrir sér og gerir það með nærfærni. Þetta er önnur sýning hennar hér heima, og það skal engan furða, þótt sýningarefnið að sinni sé misjafnt að gæðum. Því verður heldur ekki neitað. Nokkur verk urðu mér föst í minni eins og: No. 25, 94, 102, 57, 67, 71, 86, 143 og 130. Öll þessi verk eiga það skilið, að þau séu sýnd á viðunandi hátt, en ekki eins og nú í svo miklu kraðaki að vart verði séð.

Það mætti margt og mikið um þessa sýningu segja, en ég er hræddur um, að það yrði of langt mál, ef farið væri út í þá


sálma. Því verður farið fljótt yfir sögu hér. Þetta er misjöfn sýning og það virðist langur vegur milli þess besta og þess lakasta. Það er ung og framsækinn listakona sem í hlut á, og hún hefur fullan rétt á að hlaupa af sér hornin. Hún er langt frá því að hafa náð merkilegum árangri, en hæfileikar hennar virðast augljósir. Þarna má finna ágæta hluti og hefði verið stillt í hóf með fjölda verka á þessari sýningu, er ég ekki í neinum vafa um, að listræn áhrif hennar hefðu orðið mun meiri. Þessari sýningu hefur verið mjög vel tekið af almenningi, og ef ég veit rétt, er um algert solumet að ræða. Þegar þetta er skrifað, eru seldar hátt á annað hundrad myndir, og svo segja menn að hér á landi sé kreppa. Ég óska listakonunni til hamingju með þann árangur, sem í þessu felst. Ég vonast til, að hún eigi eftir að sanna hæfileika sína enn betur en hún gerir á þessari sýningu. Við því má búast.

GEISLI

Séra Björn Björneboe prestur úr Niðarósi er kominn til landsins og sýnir myndverk sín um þessar mundir í anddyri Norræna hússins. Þetta eru frummyndir að myndskreytingu hans við helgiljóðið Geisla, er Einar Skúlason kvað á 12. öld. Geisli er eitt af öndvegisverkum í íslenskum bókmenntum og hefur nú verið þýtt á norska tungu og gefið út með myndskreytingum séra Björneboes. Hann hefur einnig gert myndir við Lilju Eysteins og mun vera þekktur í Noregi fyrir bókaskreytingar.

Þessi sýning kom mér svolítið á óvart. Satt að segja bjóst ég ekki við eins sterkri sýningu og raun ber vitni. Björneboe er afar fær teiknari, sem nær mikilli spennu og lífi í svart/hvítar myndir sínar. Það er einnig sterk tilfinning fyrir því efni, sem hann er að fást við í það og það skiptið. Ég held, að það sé trúarkraftur í þessum myndum, sem sjaldsæður er í nútímanum,

og það gneistar af vinnugleði hér og þar. Sumar af krossfestingarmyndum Björneboes fannst mér það eftirminnilegasta af þessum verkum, en einng má finna verulegt átak í mörgum kolteikningum hans. Það eru samtals 51 verk á þessari sýningu, og af því eru 28 myndir, skreytingar við Geisla. Það er óhætt að fullyrða, að hér er á ferð sýning, sem á eftir að vera í minnum höfð, ekki eingöngu fyrir trúarlega þýðingu verkanna, heldur og ekki síður fyrir það, hve vel hún sýnir þann mátt, er felst í teikningu yfirleitt, ef hún er rétt notuð og allt lagt í ljós, línu og form. Hér leika þessir þættir í höndum prests, og maður tekst svolítið á loft yfir því samstarfi í trúnni, sem svo greinilega kemur fram hjá Einari Skúlasyri á 12. öld og séra Björneboe á þeirri tuttugustu. Það er ódurinn til almættisins, sem ekki hefur tekið stakkaskiptum á þessu tíma-



skeiði. Enda er orðið og myndin þeir túlkendur, sem einna lengst hafa dugað, og það sem framtíðartækni byggir sínar vonir á. Það sannast verulega á þeim teikningum, sem nú hanga í Norræna húsinu. Það er alveg óhætt að segja fólki að sjá þessar teikningar. Við hér í Reykjavík höfum ætíð orðið nokkuð útundan, hvað teikningu snertir á þeim sýningum, sem einna mest hafa verið sóttar. Því er það áriðandi að sem flestir sjái sýningar sem þessa. Það er ekki allt trúarlegs eðlis á þessari sýningu. Þarna eru einnig bardagar og annað veraldlegt vafstur, en það versnar ekkert teikningin fyrir það.

Það má vel þakka séra Björneboe fyrir þessa heimsókn og vonandi verða einhverjir til að meta þessi verk að verðleikum. Það, sem hér er á ferð, er ekki nýstárlegt í eðli sínu, en hefur samt svip af sínum tíma jafnframt því sem það styðst við hefðina.

Drengjasaga með nýstárlegu ívafi

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Einar Már Guðmundsson: RIDDARAR HRINGSTIGANS Almenna bókafélagið 1982

Það tíðkast nú að ungir rithöfundar skrifi um bernsku sína. Pétur Gunnarsson hefur sent frá sér minningaskáldsögu. Einar Már Guðmundsson, galvaskur ljóðasmiður, skrifar í Riddurum hringstigans um stráka í nýbyggðu Reykjavíkurbær. Eiginlega er hér á ferðinni skáldsaga fyrir börn og unglina, en fullorðnir ættu líka að geta lesið hana sér til ánægju.


Pétur Gunnarsson sagði frá Vesturbænum, Einar Már Guðmundsson er greinilega staddur fyrir austan Læk. Það eru ekki nema tíu til fimmtán ár síðan sagan gerðist, en hún hefði líka getað gerst fyrr. Hjá báðum þessum höfundum er það áhyggjuleysi bernskunnar sem lýst er, síðan tekur við skelfing sem veldur því

ísku sniði þótt nýstárlegt ívaf sé ekki verra bókmenntalega séð.

Þannig hugsar drengurinn Jóhann sem hefur ekki getað stillt sig um að berja vin sinn Óla með klaufhamri í hausinn. Nú er afmæli Óla framundan og Jóhann vonast til að billinn sem hann ætlar að gefa honum í afmælisgjöf muni koma á sáttum milli þeirra. En Jóhanni dettur líka í hug „eitt snjallasta herbragð í allri veraldarsögunni, ekki laust við lymskufull klækjabrógd nútímans en þó ættuð alla leið frá Jesú:

„Heyrðu Óli, segi ég, ef við verðum vinir þá mátt þú berja mig í hausinn á morgun.“

Eina sem gerir Riddara hringstigans frábrugðna venjulegri drengjasölu er sú aðferð höfundarins að minna lesandann á að hann er að semja bókmenntaverk, samanber tilvitnun um klassískt snið og nýstárlegt ívaf. Þegar liður á söguna ágerist þetta. Söguþráðurinn er rofinn af athugasemdum höfundarins um frásagnarmáta sinn. Lesandinn á að gera sér grein fyrir að hér eru bókmenntir á ferð. Raunsæ-lýsing afmælisins tekur aðra stefnu, verður eilítið flóknari þegar sagt er frá strákunum í könnunarferð í fokheldu húsi. Voveiflegur atburður gerist. Hann er í mótsögn við allt annað í sögunni, en á að sýna hvernig drengirnir vakna til vitundar um alvöru lífsins, hið stutta bil milli hláturs og gráts, milli lífs og dauða. Lokasetning sögunnar



Einar Már Guðmundsson

gæti verið úr ljóði eftir Sigfús Dáðason: „Ég segi allaf færri og færri orð.“ Hún er andstæða einkunnarorða Davids Bowie: „Nothing stands in your way/When you're a boy.“

Dauðaslysið í sögulok er staðfesting staðreyndar lífsins. En einhvern veginn er það of óvænt miðað við gang sögunnar. Nægt hefði að láta komast upp um þjófnad Jóhanns í leikfangaversluninni. Það er í sjálfu sér nógu mikið áfall.

Riddarar hringstigans er ljómáandi vel saminn saga. Myndrænn stíllinn er í anda ljóðsins, setningarnar eru margar hverjar heimur út af fyrir sig en þjónar þó heildarmyndinni. Einar Már Guð-

mundsson er hugkvæmur og fyndinn. Stundum er texti hans eins og kvikmynd samanber atriðið með lögregluþjónum í afmælisveislunni. Hann leggur áherslu á smáatriði án þess að vera langdreginn í frásögn sinni eða hvarfla frá þræði sögunnar. Það er af mörgu að taka, lítum til dæmis á þessa kvenlýsingu:

„Mamma hans Gardars heitir Bárá. Hún er þú veist týpan með naglalakkíð, dálítið lík dúkkulísumum á haframjólspökunum, ein af þeim sem blíkkar gerviaughárum til að undirstrika kvenlegan einfaldleikann, vaggar á háu hælunum en heldur samt alltaf jafnvægi þegar hún talar blíðlega út í loftið.“

Riddarar hringstigans vekur þann grun að vera upphaf þroskasögu. Sömu tilfinningu skildi Pétur Gunnarsson eftir með Punkti, ikti komma strik.



Fróðleikur og skemmtun fyrir háa sem lága!
Morgunblaðið